

# HVER ER HEIMSPEKIN Í HEIMSPEKI MEÐ BÖRNUM?

MÁLÞING FÉLAGS HEIMSPEKIKENNARA OG  
VERKEFNIS UM GAGNRÝNA HUGSUN OG SIÐFRÆÐI Í SKÓLUM

VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS, 13. OKTÓBER 2012

## Hver er heimspekin þín?

Brynhildur Sigurðardóttir, heimspekikennari í Garðaskóla, [brynhildur@gardaskoli.is](mailto:brynhildur@gardaskoli.is)

Hafið þið einhvern tímann verið spurð þessarar spurningar: „Hver er heimspekin þín?“

Ég fæ þessa spurningu af og til. Það gerist þegar ég er á nýjum stað að kynnast nýju fólki, viðmælandi minn kemst að því að ég er heimspekikennari, verður forvitinn og spyr: „Hver er heimspekin þín?“ Ég man vel hvenær þetta gerðist fyrst af því að ég varð svo vandræðaleg yfir því að geta ekki svarað strax. Það kom bara á mig hik og tafs og ég held að ég hafi að lokum ekki sagt nokkurn skapaðan hlut sem hægt var að líta á sem svar við spurningunni. Nýi kærastinn minn var þarna að kynna mig fyrir bestu vinum sínum og hann var ekkert sérstaklega uppnuminn yfir frammistöðu minni.

Þótt ég hafi síðan oft fengið spurninguna þá hefur frammistaða mín lítið sem ekkert batnað. Fyrir rétt um þremur vikum gerðist þetta síðast. Þá var ég í vinnuferð í nágrenni Freiburg og kynntist þar kennurum frá ýmsum Evrópulöndum. Einn þýskur samstarfsmaður í hópnum fékk lítið uppgefið um heimspekina mína og fór þá að segja mér allt sem hann vissi um Heidegger sem átti uppruna sinn í Freiburg. Eftir samtalið var ég pirruð og vonsvikin með sjálfa mig og bar mig aumlega við Ingimar, samstarfsmann minn í Garðaskóla - af hverju gat ég ekki bara átt einhverja fína heimspeki eins og heimspeki Heideggers? Ingimar gaf mér þá lausn á vandamálinu sem er svar sem við stelum frá smíðakennaranum í Garðaskóla og næst þegar ég verð spurð hver mín heimspeki sé þá ætla ég að svara hátt og skýrt: „Ég neita að svara þessari spurningu vegna þess að það kynni að vera notað gegn mér síðar.“

En af hverju er ég nú að deila þessum persónulega vandræðagangi mínum með ykkur? Ég held það þjóni tilgangi fyrir mig sem heimspekikennara að skoða betur spurninguna um „heimspekina mína.“ Um hvað er verið að spyrja? Eftir hvers konar svari er verið að kalla?

Til að skoða betur forsendur spurningarinnar vil ég bera hana saman við aðra spurningu: „Hver er maðurinn þinn?“ Þegar ég er spurð þessarar spurningar þá hika ég ekki við að svara. Ég gef mér að spyrjandinn sé að spyrja um ákveðna manneskju, þá manneskju sem býr í sömu íbúð og ég og er faðir barnanna minna. Svarið er því stutt og laggott, ég nefni bara manninn. Af hverju get ég þá ekki svarað spurningunni um heimspekina á sama hátt? Mætti ekki segja að heimspekin mín búi líka heima hjá mér og hafi grundvallaráhrif á það hvers konar manneskjur börnin mín verða? Ætti ég ekki að geta nefnt hana?

Nei, ég get ekki nefnt heimspekina mína eins og ég get nefnt manninn minn. Maðurinn minn hefur líkama, er persóna og stendur ljóslifandi frammi fyrir mér á hverjum degi. Heimspekin mín er ekki lifandi vera, hún er ekki nafngreint fyrirbæri sem ég get bent á. Hún er ekki utan við mig og ég get

einhvern veginn ekki skoðað hana því ég er alltaf sjálf að þvælast fyrir. Heimspeki mín er flókið safn gilda og hugmynda sem ekki er hægt að fanga í einföldu svari eins og ég geri ráð fyrir að beðið sé um þegar ég er spurð „Hver er heimspekin þín?“

En nú mætti sannarlega spyrja hvort ég sé ekki að gera lítið úr mannum mínum – er hann bara líkami, nafn, erfðæfni? Er hann ekki líka flókið safn gilda og hugmynda sem ekki er hægt að gera einfalda grein fyrir? Getur jafnvel verið að ég sé að taka spurningunni „Hver er maðurinn þinn?“ á alltof yfirborðskennan hátt? Kannski er alls ekkert verið að spyrja eftir nafni hans. Kannski er spyrjandinn raunverulega forvitinn um hvaða manneskju þessi tiltekni maður hefur að geyma, hvernig líf mitt tengist hans og hvernig hann hefur áhrif á mig og allt annað í kringum sig. Ef ég tryði því að spurningin um manninn minn væri lögð fram í þessum tilgangi þá hugsa ég að fátíð og vandræðagangurinn kæmu fljótt upp á yfirborðið. En ég hef aldrei lent í því. Ég hef heldur aldrei lent í því að spyrjandinn sýndi þessi merki um ófullnægða bið eftir skýrara svari sem einkennir viðmælendur mína þegar heimspekin berst í tal. Þegar einhver spyr eftir mannum mínum er það mín reynsla að nafnið á honum er nægilegt svar og spyrjandinn heldur samtalinu sáttur áfram.

En hvað um það þótt spurningin um heimspekina kalli eftir svari sem er flókið, ekki bara nafni eða stuttri og laggóðri lýsingu á fyrirbæri? Er það ekki óásættanlegt af heimspekikennara að geta ekki gert grein fyrir því hver heimspekin hans er? Þarf heimspekikennarinn ekki að þekkja eigin hugmyndir vel og geta gert grein fyrir tengingum þeirra við hugmyndir annarra heimspekinga og heimspekisöguna? Getur hann kennt heimspeki ef hann þekkir ekki sína eigin heimspeki?

Ég vil halda því fram að heimspekikennari þurfi alls ekki að hafa svör á reiðum höndum eða geta við hvaða tækifæri sem er útskýrt sína eigin heimspeki. Mér finnst ekki einu sinni skipta máli hvort það er útskýring í stuttu máli eða lengri greinargerð. Það er spurningin „Hver er þín heimspeki?“ sem er gölluð, ekki svarið eða skorturinn á svari við þessari spurningu. Spurningin er í raun alltaf að kalla eftir einfaldri lýsingu á fyrirbærinu heimspeki. Spurningin gerir ráð fyrir því að það sé hægt að lýsa heimspeki eða vísa til hennar eins og nafn vísar til manneskju. En hvað er svo sem heimspeki? Heimspekningar vilja alls ekki vera sammála um það. Í samræðusafninu *Philosophy Bites*<sup>1</sup> eru 53 heimspekningar beðnir um að spurningunni „Hvað er heimspeki?“ Fjórir hlæja að spurningunni og tugur til viðbótar neita að svara. Þeir sem svara vísa flestir í hugarferli: heimspeki er gagnrýni, spyrjandi viðmót, greining á hugtökum og álitamálum. „Heimspeki er það sem heimspekningar gera“ segir Robert Adams (bls. xiii) – og það sem heimspekningar gera er allt mögulegt og síbreytilegt. Ég hef kennt margar kennslustundir þar sem hugtakið „ást“ var til umræðu af því að nemendur höfðu áhuga á því. Alltaf var heimspekileg samræða í gangi en aldrei var það sama samræðan. Og aðrir heimspekikennarar myndu eflaust skipuleggja kennslustundirnar og framvindu hugmyndanna á allt annan hátt en ég.

Heimspekikennarar eru alls ekki allir að gera sama hlutinn. Ég geri greinarmun á þeim sem kenna sögu heimspekinar og verk tiltekinna heimspekinga og hinum sem kenna heimspekilega samræðu sem aðferð til að glíma við spurningar af ýmsu tagi. Sjálf fell ég í seinni flokkinn. Þegar ég þjálfá nemendur í heimspekilegri samræðu þá hef ég það fyrir reglu að svara ekki spurningum nemenda um mínar eigin skoðanir. Ég vil ekki að mín sjónarmið fái of mikið vægi í samræðu nemenda. Ég vil að þeir skapi hugmyndaþráð með því að setja fram spurningar sem þeim þykja áhugaverðar. Mér finnst spurningar nemenda alltaf jafn spennandi og þær sem mér sjálfri detta í hug og mér finnst fátt

---

<sup>1</sup> Edmonds, D. og Warburton, N. (2010). *Philosophy Bites*. Oxford: Oxford University Press.

skemmtilegra en þegar nemendur koma mér á óvart og kenna mér nýja hluti. Það er til dæmis ógleymanlegt þegar nemendur kennda mér að andstæðan við ást er ekki hatur heldur afskiptaleysi. Ef mínar hugmyndir, mín heimspeki, hefði fengið of mikið rými í kennslustundinni þar sem þetta rann upp fyrir mér – þá hefði ég misst af tækifærinu. Hugmyndir nemenda hefðu ekki komist að fyrir mínum. Það hefur vissulega líka gerst í kennslu hjá mér og það er kannski þess vegna sem ég vil ekki hafa of skýra hugmynd um mína eigin heimspeki. Ég trúir því að mín heimspeki geti þvælst fyrir nemendum og þess vegna held ég henni til hlés. Ég hef áhyggjur af því að ef ég sem kennari segi of mikið þá geti það verið notað gegn mér síðar – kannski þannig að ég fæ það aftur í hausinn. En það er líka hugsanlegt að mín heimspeki hindri nemendur í því að finna og þróa sína eigin heimspeki – og þegar það gerist þá fæ ég það í hausinn að vera lélegur kennari.

Auðvitað hef ég einhverja heimspeki. Ég trúir á spurningar, gleði, réttlæti, kraftinn í samfélagi manna og sjálfs-leiðréttingu. Ég trúir því að þekking spretti úr samræðum fólks og sam-hugsun. En ég neita að útskýra þetta nánar í stuttu og yfirborðskenndu samtali því það gæti verið notað gegn mér síðar. Hins vegar er ég alveg til í að rannsaka málið með góðum samræðuhópi.